



Bæjarstjórn Árborgar
b.t. Ástu Stefánsdóttur framkvæmdarstjóra

Ráðhús Árborgar
Austurvegi 2
800 Selfossi

Selfoss 6. október 2015

Efni: Umsókn um styrk til áframhaldandi uppbyggingar í Hellisskógi.

Viljum þakka bæjarstjórn fyrir að vera með okkur í Hellisskógi 16.sept síðast liðin á degi Íslenskrar náttúru við opnun á æfingartækjum og göngustíg í skóginum.

Stjórn Skógræktarfélags Selfoss sækir hér með um styrk fyrir starfsárið 2016 úr bæjarsjóði til eflingar skógrækta- og útivistarsvæðinu í Hellisskógi. Svæði sem er í eigu sveitarfélagsins Árborgar, en í umsjá Skógræktarfélagsins og er staðsett í Hellismýri.

Verkefni í Hellisskógi eru mörg og sum hver umfangsmikil og kostnaðarsöm. Á næstu árum koma gróðursetning, áburðargjöf, framræsla, stíga- og vegagerð, ásamt almennri umhirða til verkefna sem að bera hæst. Gera má ráð fyrir að hefðbundni stuðningur bæjarins komi til með að verða notaður í að bæta aðgengi að skóginum með stígagerð, og eins við áframhaldandi uppbyggingu á útivistarsvæðinu eins og undan farinn ár.

Skógræktarfélag Selfoss þakkar margvíslegan stuðning bæjaryfirvalda á liðnum árum. Framundan eru mörg kostnaðarsöm verkefni eins og vegagerð, skurðgröftur, grisjun og bætt aðgengi að þessari náttúruverlu.

Virðingarfyllt,
f.h. Skógræktarfélags Selfoss

Björgvin Örn Eggertsson
Björgvin Örn Eggertsson, formaður
Tröllhólum 31
800 Selfossi
bjorgvin@lbhi.is

Meðfylgjandi umsókn þessari er:

- Stutt yfirlit yfir starf félagsins það sem af er 2015
- Ársreikningur 2014
- Skýrsla stjórnar 2014

ÁRBORG	
Bmr: 11.22	Mótt: 7/10 15
Abm: A Stef.	Mnr: 1510056